

**Sp.**

**144. Tillaga til þingsályktunar**

[117. mál]

um húsnæðismál námsmanna.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Þ. Þórðarson,  
Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega á hvern hátt megi bæta úr þeim mikla húsnæðisvanda sem námsmenn utan Reykjavíkur og nágrennis búa við vegna staðsetningar Háskóla Íslands og flestra sérskóla.

Áhersla skal á það lögð að ljúka þessari könnun svo fljótt sem kostur er.

**Greinargerð.**

Stærstu árgangar Íslandssögunnar eru það æskufólk sem nú er á aldrinum 18—25 ára. Menntun, og þá sérstaklega framhaldsmenntun, er orðin mun algengari en nokkru sinni fyrr. Menntastofnanir framhalds- og sérnáms eru aðallega á Reykjavíkursvæðinu. Námsfólk utan af landsbyggðinni leitar því í miklum mæli til höfuðborgarinnar eftir menntun sinni.

Á undangengnum árum hafa verið settir á stofn fjölbrauta- og menntaskólar víða um land, auk menntaskólanna sem voru fyrir. Á skólaárinu 1982—1983 voru 5733 nemendur utan Reykjavíkur í þessum skólum, þar með taldar framhaldsdeildir grunnskólanna.

Á höfuðborgarsvæðinu eru m. a. eftirtaldir framhaldsskólar sem æskufólk af landsbyggðinni sækir:

Iðnskólinn í Reykjavík,  
Vélskóli Íslands,  
Stýrimannaskólinn í Reykjavík,  
Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði,  
Myndlista- og handíðaskólinn,  
Leiklistarskóli Íslands,  
Hústjórnaðarkennaraskóli Íslands,  
Hjúkrunarskóli Íslands,  
Nýi hjúkrunarskólinn,  
Ljósmeðraskóli Íslands,  
Þroskaþjálfaskóli Íslands,  
Röntgentæknaskóli Íslands,  
Sjúkraliðaskóli Íslands,  
Fósturskóli Íslands,  
Lyfjateknaskóli Íslands,  
Hótel- og veitingaskóli Íslands,  
Tækniskóli Íslands,  
Kennaraháskóli Íslands,  
Háskóli Íslands.

Fjöldi landsbyggðarmanna í þessum skólum er nú 1800—2000.

Öllum er nú ljóst að húsnæði er ein af forsendum þess að hægt sé að stunda nám í Reykjavík. Álitid er að um 5500—6000 íbúðir séu til leigu í Reykjavík. Ásókn í þær er gífurleg, sbr. umfjöllun leigjendasamtakanna, svo og skýrslu Félagsstofnunar stúdenta frá 1982 um húsnæðisáðstöðu háskólastúdenta. Samkeppnin um of fáar íbúðir gerir það að verkum að mikil fyrirframgreiðsla og tiltölulega há húsaleiga eru oft forsenda fyrir því að fá íbúð á leigu. Þetta eykur mjög tilkostnað landsbyggðarnemenda við öflun menntunar í Reykjavík og mismunur þess vegna fólki vegna búsetu sinnar. Stór hluti þeirra 5733 nemenda, sem nú stunda undirbúningsnám utan höfuðborgarsvæðisins, á eftir að leita á þennan þrönga húsnæðismarkað.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er reynt að vekja umræðu og leita leiða til að bæta úr því slæma ástandi sem nú ríkir og búa betur í haginn.